

**Ed.**

**484. Nefndarátt**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Af röksemdum þeim, sem fram eru bornar í máli þessu, hefi jeg sannfærst um, að nauðsynlegt muni vera fyrir Siglufjarðarkaupstað að hafa frekari

riðtt til að leggja á útsvör en nú er. Tilvera kaupstaðarins byggist nær eingöngu á síldarútveginum, sem þar er stundaður í margfalt stærri stíl en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu, en tekjur kaupstaðarins af þessum atvinnuvegi sýnast stórlega minna eftir nýju útsvarslöggjöfnni. Jeg legg því til, að frumv. verði breytt í það horf, að það verði viðauki við útsvarslögin með sjerákvæði fyrir Siglufjörð til að leggja á þá, er þar reka síldarútveginn, kaupa og selja síld eða verka hana þar.

Það er því tillaga mín, að frumv. verði samþykkt með þessum

#### BREYTINGUM:

1. 1. gr. frumv. skal orða svo:

Á Siglufirði skal heimilt að leggja útsvör á skip eða báta, sem leggja þar upp síldarafla, og einnig á einstaka menn eða fjelög, er kaupa eða selja síld á Siglufirði, eða verka hana þar, án tillits til þess, hvar gjaldþegn á heimilissveit, enda má þá ekki leggja á gjaldþegn að því leyti í heimilissveit hans.

2. 2. gr. frumv. skai orða svo:

Útsvör, sem lögð eru á eftir heimild 1. gr., falla í gjalddaga um leið og þau eru lögð á, nema innansveitarmenn eigi hlut að máli.

3. 3. gr. frumv. skal orða svo:

Að öðru leyti fer um framkvæmd laga þessara eftir fyrirmælum laga nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör, eftir því sem við á.

4. 4. og 5. gr. falli burt.

5. 6. gr., er verður 4. gr., skal orða svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. Fyrirsögn frumv. skal vera:

Frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Alþingi, 14. mars 1928.

Jón Baldvinsson,  
fundaskr., frsm. minni hl.